

Miðbær og hafnarsvæðið á Þingeyri - Deiliskipulagsbreyting



Afstaða - Hluti af gildandi deiliskipulagi
Mkv. 1:1000



Afstaða - Deiliskipulagsbreyting
Mkv. 1:1000

GREINAGERÐ

Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 5. nóvember 2015. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir að rífa bensínafgreiðsluhús sem stendur á lóð Hafnarstrætis 6. Þá er gert ráð fyrir að færa hús, sem kennt er við Gramsverslun, frá Vallargötu 1 yfir á nýja lóð við Hafnarstræti 8. Samkvæmt skipulaginu átti að leggja niður lóðina Vallargötu 1, þar sem Gramsverslun stendur enn, og þar gerður garður/leiksvæði í tengslum við skrudgarð sunnan lóðarinnar, auk þess sem bílastæðum við Vallargötu var fjölgað í tíu stæði.

Gramsverslun var upphaflega reist sem verslunarhús af Niels Christian Gram árið 1890. Það stóð upphaflega við Hafnarstræti 7 en var flutt að Vallargötu 1 þegar byggingarfarmkvæmdir við nýtt verslunar- og skrifstofuhúsnæði fyrir Kaupfélag Dýrfirðinga hófust við Hafnarstræti. Samkvæmt húsakönnun frá 2013 er húsið sagt hafa mjög mikið varðveislugildi og samræmast götumynd og falla vel að umhverfi. Húsið var upphaflega timburklætt en mjög snemma var það bárujárnsklætt og breytt í núverandi mynd.

Deiliskipulagsbreyting þessi nær til lóðanna Vallargata 1 og 3, og Hafnarstræti 5 og 8.

YFIRLIT YFIR LÓÐIR - SKV. NÚGILDANDI DEILISKIPULAGI

Nr.	Götuheiti	Lóðir skv. dsk. (m ²)	Stærð húsa fmr (m ²)	Nýtingarhlutfall	Bygg.-ár	Athugasemdir
1	Vallargata	446	350,1	0,78	1890	Til flutnings að Hafnarstr. 8
3	Vallargata	517	340	0,66	1960	
5	Hafnarstræti	299	98	0,33	1778	
8	Hafnarstræti	263	350,1	1,33	Ný lóð f. Grams	

LÝSING BREYTINGAR

Breytingin felur í sér að halda Gramsverslun á sínum stað, þó með stækkuðum byggingarreit svo möguleiki sé á að færa húsið lítillega til vesturs, frá Salthúsinu við Hafnarstræti 5, samhliða því að húsið verður gert upp. Núverandi lóðamörk Gramsverslunar eru auk þess stækkuð til vesturs og lóðamörk Vallargötu 3 minnkuð á móti. Á milli lóðanna kemur nýr göngustígur á bæjarlandi sem tengir skrudgarðinn við Vallarstræti. Vestast á stækkaðri lóð Gramsverslunar er gerður nýr byggingarreitur fyrir timburhús í gömlum stíl sem kallast á við Salthúsið. Húsin tvö á lóð Grams eru þannig tengd við skrudgarðinn með möguleika á þjónustu við gesti garðsins, auk þess að búa til skjólmyndun í garðinum og afmarka garðinn betur svo hann liggir ekki beint út á götu.

Bílastæði við Vallargötu haldast óbreytt frá því sem nú er, en fækkar miðað við samþykkt deiliskipulag. Lóð Hafnarstrætis 5 minnkar miðað við samþykkt deiliskipulag en helst í stað miðað við núverandi lóðamörk. Ný lóð við Hafnarstræti 8 sem var hugsuð fyrir Gramsverslun er felld niður í skipulaginu.


Að öðru leyti gilda skilmálar og kvaðir deiliskipulagsins.

YFIRLIT YFIR LÓÐIR - SKV. DEILISKIPULAGSBREYTINGU ÞESSARI

Nr.	Götuheiti	Lóðir skv. dsk. (m ²)	Stærð húsa fmr (m ²)	Nýtingarhlutfall	Bygg.-ár	Athugasemdir
1	Vallargata	305	350,1	1,15	1890	Hús áfram á sama stað
1a	Vallargata	165	100	0,60	-	Ný lóð
3	Vallargata	362	340	0,94	1960	Lóð minnkuð
5	Hafnarstræti	160	98	0,61	1778	Lóð minnkuð
8	Hafnarstræti	-	-	-	-	Lóð felld niður

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Afmörkun lóða og stærð
1756 m²
- Byggingareitur
- Heiti, númer, stærð bygginga
18 27 m²
- Byggingar
- Friðaðar byggingar samkvæmt 29.gr. laga um menningarmínjar
- Friðlýstar byggingar
- Íbúðarhús utan deiliskipulags
19
- Minjavernd
- Hverfisvernd
- Götur
- Gangstétt
- Gönguleiðir
- Torg
- Kvöð um lagnir
- Sjóvarnargarður
- Strandlína
- Fjörुकambur
- Fjöldi bílastæða
9 P
- Opin svæði til sérstakra nota
- Trjávernd (til skýringar)
- Fánastangir



Yfirlitsmynd úr Aðalskipulagi Þingeyrar 2008-2020

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Skólavörðustíg 16, 2.hæð | 101 Reykjavík | s:519-2939 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Gramsverslun 30.11.2023

Deiliskipulagsbreyting Dags.

Vallargata 1 A2 - 1:1000

Landnr. L193411 Staðgr. 4200-7-90450010 Stærð - Mkv.

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FA | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is
Guðni Valberg | Arkitekt FA | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is

©Tripólí Arkitektar
Öll afnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflega leyfi höfundar.